

**Ed.**

**877. Nefndarálit**

[209. mál]

um frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Nefndinni barst erindi frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda sem fer þess mjög eindregið á leit að fulltrúar félagsins fái sæti í Verðlagsráði þegar fjallað er um verðlagningu á rækju og hörpudiski, en ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Nefndin ræddi þessi mál mjög ítarlega og fékk á sinn fund Bolla Bollason deildarstjóra hjá Þjóðhagsstofnun, en hann var ritari þeirrar nefndar er samdi frumvarpslög.

Nefndin fellst á skoðanir Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda og ber því fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur við frumvarpið, og mælir að öðru leyti með samþykkt þess.

Alþingi, 9. maí 1985.

Valdimar Indriðason,  
form., frsm.  
Jón Kristjánsson.

Karl Steinar Guðnason,  
fundaskr.  
Skúli Alexandersson.  
Björn Dagbjartsson.

Kolbrún Jónsóttir,  
með fyrirvara.  
Árni Johnsen.